



Geiri hafði náði Barin um talstöðina og beðið hann um þyrlu!



... Og svo tekur Geiri til sinna ráða! Þá er gamanið búð drengir!



Fljótlega! Gullib er 5 komið nú með! Þið fáið þriggja manna fangelsisklefa! Þið fáið að Geiri, við getum farið!



Yðar hátign, það er óþarfi að nota sverðið, hann er meðvitundarlaus...

Þetta er bardagi þar til annar liggur dauður! Ég skipa þér að drepa hann!



Allt í lagi..



Ætlar hann að drepa varnarlausan mann?

Hvað annað? Það er annað hvort hann eða Ulrich!



Allt um iðnaðarbyltinguna.

Hvað lærðir þú í skólanum í dag?



Ó. Hver vann?

10-1 BUD BLAKE



Hann var bara að vara okkur við, þannig hefur ekki skotið aftur.



Við gerum líka það sem hann vill: Föllum!



Hér eru þúsundir óbyggðra eyja, og við þurftum endilega að velja eina byggða!

Hann skipaði okkur að koma okkur á brott héðan! Burt? En hvernig? Við erum milli steins og sleggju Svalur!

Hestur í óskilum

Að Hvítárbakka í Borgarfirði er í óskilum rauður hestur, ljósari á fax og tagl, 5-6 v. Ómarkaður. Verður seldur á opinberu uppboði laugar-daginn 22. janúar kl. 2 e.h.

Hreppstjóri Andakilshrepps.

Námsflokkar Reykjavíkur


Nýir flokkar - nýjar kennslugreinar

Byrjendaflokkar í: spænsku, ítölsku, frönsku, ensku og þýsku.

Nýir flokkar í: barnafatasaum, kjólasaum, sniðum, myndvefnaði og postulínsmálningu.

Nýjar greinar: Leikræn tjáning (dramik), pianóleikur, þjóðfélagsfræði, skattafram-tal.

Innritun 10. og 11. jan. kl. 19. til 22 í Miðbæjarskóla.



Sigfús sýnir á Kjarvalsstöðum

JG-Rvk — Sigfús Halldórsson, tónskáld og málari hefur opnað sýningu á Kjarvalsstöðum, en Sigfús hefur haldið fjölda málverkasýninga á liðnum árum. Síðast sýndi hann málverk í Reykjavík árið 1970 í Casa Nova.

Á sýningu Sigfúsar Halldórssonar á Kjarvalsstöðum verða 137 verk. Það eru oljumálverk, vatnslitamyndir, pastelmyndir, oliukrítarmyndir, teikningar og fl.

Myndir Sigfúsar á sýningunni eru málaðar á árunum 1975-1976 og eru mótlívin víðs vegar frá af landinu, austan frá Nýpsstað og vestur um og norður. Lands-

lagsmyndir og umhverfislýsingar. Þá eru myndir frá Englandi, gerðar á skólaárum listamannsins.

Ennfremur sýnir Sigfús Halldórsson leiktjöld, sem hann hefur gert við óperur.


Sýning Sigfúsar Halldórssonar verður opin á venjulegum safntímum og henni lýkur 16. janúar.

Það veur a thygli að hljódfæri hefur verið komið fyrir á Kjarvalsstöðum og inntum við Sigfús eftir því hvort von væri á tónlistarlegri uppákomu. Kvaðst hann ekki vilja gera of mikið úr því. — Segðu heldur að pianóið sé bara mynd af mér, en auðvitað verður að vera tónlist líka.

HVELL
G
E
I
R
I
D
R
E
K
I
K
U
B
B
U
R
S
V
A
L
U
R



Sigríður Ella Magnúsdóttir.



Simon Vaughan.

Óperusöngvarar halda tónleika

Sigríður Ella Magnúsdóttir óperusöngkona og Simon Vaughan óperusöngvari frá Bretlandi halda tónleika í Austurbæjarbíói laugardag. Undirleikari er Ólafur Vignir Albertsson pianóleikari.

Á efnisskránni eru bæði ein-söngslög og dúettar, kunn þýzk þjóðlög, óperudúettar og lög m.a. frá Frakklandi, Ítalíu og Íslandi. Miðar eru seldir í bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar og í Austurbæjarbíói við innganginn.

Sigríður Ella hefur sungið víða hér heima á Íslandi og einnig víða í Evrópu, en hún er um þessar mundir búsett í London. S.Í. vetur söng hún, sem kunnugt er, hlutverk Carmen í samnefndri óperu í Þjóðleikhúsinu á alls 50 sýningum. Sigríður Ella er hér heima í stuttu leyfi, en í mánaðarlokin heldur hún í söngferð til Bandaríkjanna og Kanada.

Simon Vaughan hefur sungið bæði í útvarp og sjónvarp á Íslandi og einnig lék hann hlutverk nautabanans í nokkrum sýningum á Carmen í Þjóðleikhúsinu s.l. ár Simon starfar sem söngvari í London og m.a. mun hann á næstunni syngja í tveimur óperum í London, Schubert-óperunni Alfonso og Estrella og hlutverk Papageno í Töfraflautunni, en hún verður flutt í nýja Beck-leikhúsinu í London. Þá er Simon einnig að búa sig undir nokkra tónleika á tónlistarhátíð í London í apríl.

Á efnisskrá þeirra Sigríðar Ellu og Simons í Austurbæjarbíói eru 24 lög.

Rósa Hjörvar látin

Rósa Daðadóttir Hjörvar, ekkja Helga Hjörvars, er látin. Hún var bóndadóttir úr Dölum, fædd 14. marz 1892.

Rósa giftist Helga Hjörvar árið 1917, er hann var kennari í barnaskóla Reykjavíkinga.